

Starfsáætlun Birkiholts

í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla

2017-2018

Á Birkiholti verða 24 börn fædd 2013
Kennarar: Helga Sigurveig (leiðbeinandi), Hafdís (deildarstjóri), Sigga
(leikskólakennari) og Steinunn (Bed í leikskólakennarafræðum).

Á Birkiholti er áhersla lögð á læsi/markvissa málörvun, umhverfismennt, sjálfshjálp, félags og tilfinningaþroska og uppbyggingu sjálfsmýndar

Læsi og samskipti

- ❖ Samverustundir eru 3 yfir daginn, þá er börnunum er skipt niður á tvö svæði. Lestur miðast við að ró og næði sé á deildinni þ.e. að börnin séu ekki að koma inn úr útiveru eða wc t.d.
- ❖ Tímasetning samverustunda og uppbygging þeirra er eftirfarandi:

Morgunsamvera 8:20	Hádegissamvera 12:15	Nónsamvera 14:15
Allir saman í stuttri samveru	Söngur/lestur	Lestur/loft.sögur
Farið yfir dagskipulagið	Stafalög	Söngur
Viðkomandi mánaðardagur ræddur	Leikir	Leikir
Farið yfir matseðil dagsins	SMT	SMT
Farið yfir veður og klæðnað fyrir útiveru	Lubbi á fimmtudögum Póstkassinn á mánudögum	
	Bók vikunnar eftir áramót	

- ❖ Kennnd verða kvæði, lög og sögur lesnar en þannig læra börnin að njóta þess að hlusta á sögur, ljóð, þulur og ævintýri. Lagaval fer eftir árstíðum, hátíðum og hefðum í samfelaginu eða viðfangsefnum sem unnið er með sérstaklega.
- ❖ Reglulega eru lesnar bækur um stafi, liti og tölur. Jafnfram er farið í leiki þar sem áhersla er lögð á stafrófið, rím, takt og hljóðgreiningu.
- ❖ Við lestur bóka er höfundur kynntur, bókin lesin, farið yfir „öðruvísi“ orð/hugtök og þau rædd sérstaklega. Hugað er að lesátt.
- ❖ Orð eru tekin fyrir með markvissum hætti, samheiti fundin og gerð sýnileg.
- ❖ Í hópastarfi eru ljóð og kvæði tekin fyrir, rædd og túlkuð með svo kallaðri teiknitúlkun

- ❖ Í september, janúar og maí er lögð fyrir börnin svokölluð stafabekking. Tilgangur þess er að kanna hvort börnin sýni framfarir í þekkingu á bókstöfunum og þá hvort áherslur starfsins á deildinni skili sér til þeirra. Samhliða stafabekkingunni gera börnin sjálfsmynd.
- ❖ Við ýtum undir ritum barnanna með að hafa liti og blýanta reglulega í boði og börnin eru hvött til að merkja verk sín sjálf með nafni eða upphafsstaf
- ❖ Bók vikunnar: Börnin skiptast á að koma með bók að heiman og lesa fyrir hópinn. Þetta er mikilvægur liður í að glæða áhuga barnanna á lestri og styrkir þau í að koma upp fyrir hópinn. Verkefnið ýtir undir stolt barnanna á eigin getu sem og tillitsemi og virðingu sem á þau hlýða.
- ❖ Póstkassinn – Börnin koma með póst í kassann sem þau lesa upp með kennara á mánudagsmorgnum. Með því að koma með Bók vikunnar og bréf í póstkassinn fá börnin tækifæri til að koma fram og segja frá. Einnig ýtir þetta undir læsi þeirra og áhuga á ritmálinu.
- ❖ Í hópastarfi eru unnin þemaverkefni og bækur teknar fyrir. Þá eru 6-7 börn í hóp
- ❖ Reglulega er farið í leiki sem ýta undir athygli, einbeitingu og læsi eins og hengimann, hver er undir teppinu, flöskustút o.fl.
- ❖ Stafur vikunnar – Vikulega er tekinn fyrir bókstafur sem límdur er á matarborðin sem umræðugrundvöllur í matartíma. Í stað þess að fara eftir stafrófsröð, tengjum við staf vikunnar við bókina *Lubbi finnur málbein*. Börnin kynast þá bókstafnum, en um leið læra þau máhljóðið og tákni máhljóðsins. Á vegg inni á deild er stafrófið sem og stafaský með myndum af börnunum sem eiga hvern staf. Bókstafur vikunnar er hafður sýnilegur á matarborðum, í fataherbergi og á vegg.
- ❖ Námsefnið *Lubbi finnur málbein* ýtir undir hljóðnám, stafa-hljóðabekkingu hljóðavitund og fleiri undirstöðu þætti fyrir lestrarnám. Á fimmtudögum förum við sérstaklega í bókina Lubbi finnur málbein, æfum máhljóð bókstafsins og vinnum með máhljóðið og bókstafinn í sameiningu með söng,lestri og umræðum.
- ❖ Afmælisdagatalið – Hver mánuður með TMT tákni mánaðarins hangir uppi með myndum af því sem einkennir hvern mánuð. Myndir af börnum sem eiga afmæli þann mánuðinn hanga fyrir ofan hvern mánuð og fyrir neðan eru nöfn barnanna. Börnin taka svo nöfnin og skrifa eftir þeim t.d. þegar þau eru að merkja myndir sínar. Þetta verkefni ýtir undir áhuga barnanna á ritun en auk þess læra börnin að lesa í náttúruna og fylgjast með breytingum í henni en þannig þróa börnin með sér læsi í víðum skilningi.
- ❖ Bækur eru alltaf aðgengilega fyrir börnin og er börnunum frjálst að koma með bók í leikskólann.
- ❖ Í hópastarfi og samveru fá börnin tækifæri til að tjá skoðanir sínar, koma fram og segja frá, segja sögu eða syngja. Börnin þjálfast í að lesa í aðstæður, hlusta og sýna virðingu þegar aðrir eru að lesa eða tala.

- ❖ Börnin fá ríkuleg tækifæri til að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum. Börnin endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi.
- ❖ Í nærumhverfis- og fjölskylduþemanu fá börnin að kynnast fjölbreytileika mannlífsins og velta þannig vöngum yfir samfélagi sínu og menningu.
- ❖ Söngvaflóð: samstarfsverkefni við tónlistarskólann á Akureyri. Vikulegir tímar með það að markmiði að gera börnin meðvitaðri um menningararfleið sína og tengja saman tónlist, hreyfingu og ljóð. Farið verður í þjóðlög, dægurlög, jólalög, barnalög, ljóð og vísur.
- ❖ Lag og þula mánaðarins. Ýmist læra börnin nýja þulu eða nýtt lag. Í vetur verða viðfangsefnin tengd við Söngvaflóð.
- ❖ Annan hvern miðvikudag eru borðleikir eftir hreyfistund. Þá er áhersla lögð á leiki, spil og stundum forrit í Ipad sem styrkja læsi og stærfræðiþekkingu barnanna.

Heilbrigði og vellíðan

- ❖ Stig af stigi er námsefni ætlað til að efla félags- og tilfinningaþroska barna, 4 ára og eldri. Námsefnið stuðlar að því að börnin læri að sýna viðurkennda hegðun og setja orð á tilfinningar sínar sem er einn liður í að læra að þekkja sjálfan sig og styrkja þannig eigin sjálfmynd. Lögð er mikil áhersla á að börnin æfist í að setja sig í spor annarra sem má segja að sé grunnurinn að hæfni til mannlegra samskipta. Farið er vikulega í námsefnið.
- ❖ Kennarar huga að samskiptum barnanna og leggja áherslu á að allir skipta máli og að borin sé virðing fyrir tilfinningum annara. Börnin eru hvött til að leysa úr ágreiningsmálum sjálf á farsælan hátt. Notast er við SMT í öllu starfi deildarinnar. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun barna með því að kenna og þjálfra félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart börnum sem sýna óæskilega hegðun. Þau verkfæri sem notast er við eru: Reglur, skýr fyrirmæli, hrós og hvatning, umbun, einvera og jákvætt val.
- ❖ Börnin fá ríkuleg tækifæri fyrir samleik og öðlast þar skilning á eigin tilfinningum ásamt því að læra að lesa í tilfinningar annarra.
- ❖ Mánaðarlega hitta börnin á deildinni vinnuhóp af annarri deild, börnin í vinnuhópnum eru yngri og tilgangurinn er að eldri börnin læri að bera virðingu fyrir yngri börnum, sýni vinsemd og hjálpsemi.
- ❖ Börnin fá að tjá sig í litlum hóp og finna að þeirra skoðun skiptir máli en það ýtir undir sjálfstraust þeirra og félagslega færni. Börnin læra að bera umhyggju fyrir hvert öðru og að þau og þeirra skoðanir og tilfinningar skipta máli. Það hjálpar þeim að öðlast tilfinningalegt jafnvægi, jákvæð samskipti og betri félagsleg tengsl.
- ❖ Lögð er áhersla á líkamsvitund, að börnin læri að þykja vænt um eigin líkama, þau eigi hann sjálf, og að börnin beri virðingu fyrir líkómum annarra. Notast

verður við bókina *Kroppurinn er kraftaverk* eftir Sigrúnu Daníelsdóttur. Í hópastarfi verður komið inn á fjölbreytileikann og fjölskylduna. Sjá nánar í hópastarfsáætlun.

- ❖ Í hópastarfi eru unnin verkefni í tengslum við sjálfsmynd barnanna. Eitt verkefnið er *Þetta er ég* sem ætlað er til að kortleggja sjálfsmynd barnsins og kynnast því betur. Verkefnið getur einnig ýtt undir betri sjálfsmynd með því að opna augu barnsins fyrir hinum ýmsu styrkleikum sem það hefur.
- ❖ Í hópastarfi læra börnin að hrósa hvert öðru og taka hrósi.
- ❖ Með bókinni *Fólk* eftir Peter Spier öðlast börnin aukin skilning á fjölbreytileika fólks, ólíkum lífnum og aðstæðum fólks út um allan heim.
- ❖ Börnin eru hvött til sjálfshjálpar í fataherbergi, við matarborð og við allar daglegar athafnir, allt ýtir þetta undir sjálfstæði þeirra og stolt. Auk þess er lögð mikil áhersla á hreinlæti og hvíld.
- ❖ Eftir hádegisverð er hvíld á deildinni, þau börn sem eiga að sofa leggjast útaf og sofa eins og þau þurfa meðan þau sem hætt eru að sofa liggja í rólegri stund og hlusta á sögu.
- ❖ Daglega er útivera þar sem börnin fá hreyfingu og ferskt loft í lungun.
- ❖ Aðra hverja viku fara börnin í hreyfistund þar sem lögð er áhersla á krefjandi og fjölbreytta hreyfingu s.s. stöðvaþjálfun, þrautabraut, dans, hópleiki, jóga og hugleiðslu. Börnin fá tækifæri til að láta reyna á kraft, styrk, jafnvægi, samhæfingu og hugrekki. Í hreyfistundinni reynir einnig á að skiptast á, fara að reglum og sýna tillitsemi. Í lok hverrar hreyfistundar eru teygjuæfingar og slökum. Notaðar eru til þess jógaæfingar sem fléttaðar eru inn í sögu.
- ❖ Aðra hverja vikur fara börnin í vettvangsferð/ævintýraferð þar sem reynir á hreyfifærni barnanna en auk þess fá börnin fræðslu um nærumhverfi sitt. Í þessum ferðum er aðaláherslan að upplifa, kanna og njóta umhverfisins í kringum okkur en líka að kenna börnunum að bera virðingu fyrir náttúrunni.
- ❖ Norðan við Pálmholt er Holtið en það felur í sér ótal möguleika til náttúruskoðunar og leikja. Þar eru klappir, hvalbök, fjölbreytilegt plöntu- og skordýralíf og dásamlegt útsýni til fjalla og fjarðar. Árstíðirnar ráða því hvað á Holtinu er að finna, á vorin og sumrin er kjörin tími til að kanna gróðurinn og skordýralífið, á haustin er hægt að fara í berjamó og tína fjallagrös og á veturnar myndast í holtinu dásamlegar sleðabrekkur og snjófjöll. Umfram allt er þetta svæði kjörið fyrir ímyndunarleik barnanna. Reglulega verða farnar vettvangsferðir á Holtið ásamt ferðum á bókasafn, á söfn ofl.
- ❖ Í matmálstímum og samverustundum verður komið inn á hollusta og mataræði. Börnin eru hvött til að borða fjölbreytt og hlusta á þarfir líkamans þegar kemur að því að skammta sér.

Sköpun og menning

- ❖ Börnin njóta þess að taka þátt í skapandi ferli og finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti t.d. við að búa til haustlauf, snjókorn, þorakórónur, nýjabrum, kort, heimili og sjálfsmyndir.

- ❖ Börnin fá ríkuleg tækifæri til að vinna með margvíslegan efnivið í tengslum við umhverfisþemað, hátíðir og hefðir, hópstarfsþema o.fl. Lögð er sérstök áhersla á að nota endurnýtanlegan efnivið.
- ❖ Börnin kynnast bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum ásamt því syngja og læra ýmis lög tengd viðkomandi viðfangsefni.
- ❖ Daglega eru samverustundir þar sem áhersla er lögð á söng, tónlist, hlustun, takt eða jafnvel einstaka sinnum hljóðfæranotkun.
- ❖ Börnin finna efni nýtt hlutverk og fá tækifæri til að skapa og tjá upplifun sína, s.s. í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu.
- ❖ Í samstarfi við tónlistarskólann eru vikulegir tímar, Söngvaflóð, þar sem Furu-Birki- og Greniholt koma saman og syngja valin lög við undirspil kennara frá tónlistarskólanum.
- ❖ Kennarar stuðla að ígrundun barnanna með því að ræða saman um ýmis málefni. Börnin segja sjálf frá fjölskyldu sinni og heimili, koma með póst að heiman o.fl og finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti
- ❖ Með ljóðaverkefnum/teiknitúlkun í hópstarfi fá börnin tækifæri til að upplifa og túlka íslensk ljóð.
- ❖ Með vorinu verður farið í vinnu í tengslum við farfuglana og vorið. Þá gefst börnunum tækifæri til að aðgreina þá í sjón og hljóði. Fara í fuglaskoðunarferðir, fönðra fugla og skoða myndir af því sem börnin hafa fræðst um. Í tengslum við fuglaþemað læra börnin um náttúruna og hvað fuglar þurfa til að lifa, hvað þeir borða, veðurbreytingar, hringrásir ofl.
- ❖ Aðra hverja viku fara börnin í tíma sem við köllum borðleiki þar sem börnunum gefst tækifæri til að spila, vinna verkefni og fara í ípad sem ýta undir læsis og stærðfræðipekkingu barnanna undir leiðsögn kennara.

Sjálfbærni og vísindi

- ❖ Börnin læra að bera virðingu fyrir umhverfi sínu, fara vel með hluti og nota endurnýtanlegan og náttúrulegan efnivið í myndsköpun.
- ❖ Þema í samverustundum að hausti verða eftirfarandi: **Haustið, náttúran, hringrás vatns, rusl og endurvinnsla**
- ❖ Farið er í leiki og verkefni unnin sem hvetja börnin til að hugsa um náttúruna. Stuðst verður við gátlista frá landvernd.
- ❖ Þriðja hvern mánuð sér deildin um að flokka upp úr Geymi endurvinnanlegan efnivið og eru börnin virkir þátttakendur í því ferli. Börnin safna lífrænum úrgangi í moltufötu og fá fræðslu um rotnun og hringrásir. Matarafgöngum safna börnin í sérstaka fötu sem hænsnabóndi eða svínabóndi tekur og nota sem fóður.
- ❖ Börnin taka þátt í að setja niður og taka upp kartöflur að vori og hausti.
- ❖ Börnin fara reglulega í vettvangsferðir þar sem nærumhverfi barnanna er rannsakað, náttúran, árstíðirnar og lífríkið. Kennarar ýta undir forvitni og vangaveltur barnanna og vekja athygli á því sem gerist í umhverfi þeirra.

- ❖ Börnin velta vöngum yfir umgengni sinni og virðingu fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi. Börnin læra að bera umhyggju fyrir náttúrunni, þekkja hringrásir hennar, vistspor og af hverju við þurfum að hugsa vel um náttúruna okkar.
- ❖ Í vettvangsferðum verður hugað að rusli í umhverfinu og það fjarlæggt. Einnig læra börnin um áhrif mengunar og rusls á lífríkið og jörðina.
- ❖ Á salernum verður lögð áherslu á sparneytni á vatni, sápu og pappír. Við matarborðið læra börnin að skammta sér hóflega, flokkun afganga og endurnýtingu þeirra.
- ❖ Börnin kynnast ýmsum lífverum í náttúrunni og lífsháttum. Farið er sérstaklega í þessu vinnu að vori þegar lífríkið lifnar við. Þá verða farfuglarnir, skordýrin og jurtalífið sérstaklega tekið fyrir.
- ❖ Á náttúruveggnum endurskapa börnin náttúruna og ræða um hringrásir og fyrirbæri í náttúrunni með kennara sínum.
- ❖ Börnin kynnast eðli ýmissa krafta og birtingarmyndum þeirra í umhverfinu. Í nóvember verður sérstök vísindavika þar sem unnið verður sérstaklega með þetta þema.
- ❖ Börnin kynnast stærðfræðilegum hugtökum eins og tölum og stærðum sérstaklega með aðstoð bóka og laga. Börnin læra að telja, skoða fjölda, lögum og stærð hluta.
- ❖ Í gegnum bækur, lög og þulur læra börnin að bera umhyggju fyrir fólki, dýrum og umhverfi sínu og er það mikilvægur hluti umhverfismenntunar
- ❖ Börnin taka þátt í að undirbúa og baka fyrir uppákomudaga eins og foreldrakaffi, litlu jól og fleira ásamt uppákomum í tengslum við hátíðir og hefðir.

Jafnrétti og lýðræði

- ❖ Mikið er lagt upp úr því að skiptast á og sýna tillitsemi í hópastarfi og almennt í daglegu starfi. Börnin læra að allir eiga rétt á sinni skoðun og að allir eru mikilvægir.
- ❖ Börnin fá að tjá sig í litlum hóp og finna að þeirra skoðun skiptir máli en það ýtir undir sjálfstraust þeirra og félagslega færni. Börnin læra að bera umhyggju fyrir hvert öðru og að þau og þeirra skoðanir og tilfinningar skipta máli. Það hjálpar þeim að öðlast tilfinningalegt jafnvægi, jákvæð samskipti og betri félagsleg tengsl.
- ❖ Notast er við lýðræðislegar kosningar þegar ákvarðanir innan barnahópsins eru teknar t.d. þegar kjósa á nafn á hópinn sinn og við val á SMT- umbun.
- ❖ Kennarar huga að samskiptum barnanna og leggja áherslu á að allir skipta máli og að borin sé virðing fyrir tilfinningum annara. Börnin eru hvött til að leysa úr ágreiningsmálum sjálf á farsælan hátt.
- ❖ Börnin læra um ólíkar fjölskyldugerðir og að bera virðingu fyrir ólíkum lífnaðarháttum í hópastarfsþemanu. Þau kynnast fjölbreytileikanum, jafnrétti og viðurkenningu fyrir ólíkum skoðunum. Sjá nánar í hópastarfsáætlun.

- ❖ Í hópastarfi finna börnin að þau tilheyra hópi en eru samt sem áður sterkir einstaklingar sem hafa áhrif